

Föstudaginn 16. október 1992.

Nr. 389/1992. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Eiríki Rúnari Oddssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. október 1992 samkvæmt heimild í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldsvist hans verði verulega stytta.

Rannsóknarlögregla ríkisins, sem er aðili kærumáls þessa, sbr. 141. gr. laga nr. 19/1991, krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Frá því að hinn kærði úrskurður var kveðinn upp 11. þessa mánaðar, var rannsókn málsins haldið áfram hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Meðal annars hefur verið tekin frekari skýrsla af kæranda og skýrslur af vitnum, er gátu borið um ferðir hennar og varnaraðila aðfaranótt 10. október sl., áður en til atburða þeirra kom, sem greint er frá í hinum kærða úrskurði. Þá liggur fyrir vottorð læknis um skoðun á kæranda. Gögn þessi lágu fyrir 14. þessa mánaðar.

Krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald er byggð á því, að varnaraðili sé undir rökstuddum grun um að hafa framið verknað, sem fangelsisrefsing er lögð við samkvæmt almennum hegningarlögum, sbr. upphafsákvæði 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, svo og á því, að rannsóknarnauðsyn krefjist þess, sbr. a-lið sömu málsgreinar, þar sem sett er það skilyrði fyrir beitingu gæsluvarðhalds, „að ætla meg, að sakborningur muni torvela rannsókn málsins, svo sem með því að afmá merki eftir brot, skjóta undan munum eða hafa áhrif á vitni eða samseka“.

Þegar litið er til þeirrar rannsóknar, sem liggur fyrir í málinu samkvæmt framansögðu, þykja lagaskilyrði til gæsluvarðhalds

eigi lengur vera fyrir hendi. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður til handa talsmanni varnaraðila í Hæstarétti, eins og nánar greinir í dómsorði, verði greiddur úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Kærumálskostnaður til handa talsmanni varnaraðila í Hæstarétti, Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni, 25.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur 11. október 1992.

Ár 1992, sunnudaginn 11. október, er á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sigríði Norðmann fulltrúa, kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert kröfu um, að Eiríki Rúnari Oddsyni, kt. 240846-4529, Brákarbraut 1, Borgarnesi, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. október 1992 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Kærði hefur mótmælt kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Málavextir eru þeir, að X, [fædd 1938], Reykjavík, hefur lagt fram kæru á hendur kærða um, að hann hafi reynt að þröngva henni til kynferðismaka í kirkjugarðinum við Suðurgötu snemma að morgni laugardagsins 10. október 1992. Kærði hefur neitað að hafa framið þann verknað.

Með vísan til framanritaðs og rannsóknargagna málsins verður að telja, að kominn sé fram rökstuddur grunur um, að kærði hafi framið það brot, sem hann er sakaður um. Brot þetta getur varðað kærða fangelsisrefsingu samkvæmt 194. gr. eða 194. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Rannsókn málsins er enn á frumstigi, og verður að telja, að veruleg hætta sé á því, að kærði geti torveldað rannsóknina með því að spilla sakargögnum, verði hann frjáls ferða sinna.

Þykir því með skírskotun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1940 verða að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina, eins og hún er

sett fram, en samkvæmt því skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 28. október 1992 kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Eiríkur Rúnar Oddsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 28. október 1992 kl. 16.00.
